



ORKUSTOFNUN

Framkvæmd Þeistareykjaáætlunar frá 1.
sept. til 7. okt. 1981

Gestur Gíslason

Greinargerð GG-81/06

Framkvæmd Þeistareykjaáætlunar 1. sept til 7. okt 1981

A því tímabili sem um er fjallað var lokið við þá útivinnu á Þeista-reykjum sem unnin verður á þessu ári. Allmargar ferðir hafa verið farnar og gagnasöfnun gengið vel. Þó hefur ekki reynst unnt að ljúka öllum þeim athugunum sem til stóð að gera, og verður það væntanlega að bíða næsta sumars.

Kortagerð. Svo sem greint var frá í greinargerð um framkvæmd Þeista-reykjaáætlunar frá 1. júlí til 31. ágúst 1981 (GG-81/05) var vonast til, að orthokort sem þöntuð voru hjá Landmælingum Íslands yrðu tilbúin innan tíðar. Nú er hins vegar ljóst, að kortin verða ekki teiknuð fyrr en á næsta sumri, þar sem að ekki reyndist unnt að ljúka nauðsynlegum landmælingum nú fyrir haustið, og sem verða því að bíða næsta vors. Þetta er mjög bagalegt fyrir alla úrvinnslu, og verður liklegast að notast við stækkaðar loftmyndir uns kortin berast.

Jarðfræðikortlagning. Greint hefur verið frá helstu niðurstöðum sem fyrir liggja í greinargerð HeTo-81/01 Þeistareykir. Það er ljóst, að teikning jarðfræðikorts verður mun erfiðari nú þegar ljóst er, að grunnkortin verða ekki fáanleg. Notast verður við stækkaðar loftmyndir eins og fyrr sagði, og verður hafist handa við teikningu jarðfræðikorts þegar þær liggja fyrir.

Rafleiðnimælingar. Mikil hefur verið unnið við túlkun á rafleiðnimælingum síðastliðinn mánuð. Hefur sú vinna verið unnin af Domingo B. Layugan nemanda við HSP, sem vinnur verkefnið undir leiðsögn Lúðvíks Georgssonar. Skýrsla hans mun liggja fyrir seinna í þessum mánuði.

Jarðefnafræði. A tímabilinu voru farnar tvær söfnunarferðir að Þeista-reykjum, 6.-14. sept og 25. sept - 2. okt. Hefur þá verið safnað 26 sýnum úr gufuagum og 1 vatnssýni. Sýnin spanna yfir aðal jarðhita-svæðið, en eftir er að safna sýnum frá jöðrum þess, og verður sú sýna-taka að bíða næsta sumars.

Væntanleg er greinargerð þær sem gerð verður grein fyrir stöðu efna-greininga og frumniðurstöðum.